

Janúar: Skólinn byrjaði aftur eftir jólafríð langþráða, og allir búnir að bæta allverulega á innan fituna. Allir voru ótrúlega glaðir að koma í skólann vegna þess að jólagjafir stóðust ekki væntingar- enda er kreppa á Íslandi. Bóndadagurinn stóð samt undir væntingum eins og alltaf og sýndu strákarnir aukakílóin sem þeir söfnuðu yfir jólin og sló það í gegn hjá kvenkyns nemendum skólans.

Febrúar: Febrúar byrjaði á því að Eldri deild fór að selja Hvamms harðfisk og Hvönn á Glerártorgi, þetta rokseldist en þess má geta að Hríseyingar og burtfluttir Hríseyingar keyptu langmest. Þann 11. febrúar var „kubbaður“ hringur úr Lego-i sem náði meðfram veggnum á salnum beygði hjá bókasafninu og fór inn í eldhús og framhjá myndmenntastofunni og svo ganginn sem orðabækurnar eru geymdar og tengdist svo við rassinn á lego hringnum.

Mars: Mars varð sköpunarmánuðurinn mikli, smíðakennslan hóf sína göngu á ný eftir margra ára pásu. Við fengum að ráða hvað við gerðum, út komu misgóð verkefni en öll stóðust við „prófið“ Bjóssi í Hafnarvík kom og kenndi okkur handbolta í íþróttahúsinu. En það sem sló mest í gegn voru áhugasviðsverkefni. Þar völdum við eitthvað sem við höfðum áhuga á og fengum að gera nánast hvað sem er tengt því. Mónica gerði franska súkkulaðitertu, Reynir gerði fótbolta tengt myndband, Árni gerði Graffiti verkefni, og Rúnar sýndi okkur frímerkjasafnið sitt svo eitthvað sé nefnt. Eins og við sjáum var mars mikill sköpunarmánuður.

Apríl var mjög chill mánuður. Allir byrjuðu hann á því að bíða eftir páskaffíinu, sem reyndar raskaði árshátíðar dagsetningunni okkar. Eins og búist var við gekk árshátíðin alveg ótrúlega vel og voru öll atriðin mjög skemmtileg, enda næstum öll frumsamin. Hin árlega kaffi sala gaf vel af sér enda ein stærsta tekjulind nemendaráðs og viljum við enn og aftur þakka fyrir stuðninginn sem okkur var gefinn.

Maí var alveg útbókaður, Danmerkurferð, fermingar, afmælið hennar Tönju, skólaferðalag, skólaslit, við gætum haldið áfram en listinn yrði allt of langur. Þetta var klárlega besti mánuður sem að elsta deild hefur upplifað. Þá fór 8. 9. Og 10 bekkur til Danmerkur og skemmtu sér allir alveg konunglega. Á meðan fór restin af skólanum að Illaugastöðum í Fnjóskadal. Fljótlega eftir það var komið að skólaslitunum, þá var kvöddum við Aldísi Gretu sem fór á við ævintýrana í sollinum og ómenningunni í Reykjavík og Marín Dögg sem útskrifaðist eftir 10 yndisleg ár í Hríseyjarskóla. Daníel, Tumi og Adrian kvöddu leikskólann og voru boðnir velkomnir í Grunnskólann.

Í ágúst byrjaði skólinn loksins aftur, og hinir árlegu skólaleikar hófust á ný. Allir voru með keppnisandann í lagi og stóðu liðsforyngjarnir sig ótrúlega vel. Það var keppt í mörgum fjölbreyttum og skemmtilegum greinum. Í ár var það Rúnar Freyr sem vann grettukeppnina!

September var mikill matarmánuður, þá hélt eldri deild upp á Ítalska veislu og buðu öllum skólanum. Sumir höfðu lært einhverstaðar að tannstönglar væru partur af Ítölskum mat og fannst þetta ekki gott. Veðrir í September var svo gott að það var ákveðið að fara upp á ey og grilla brauð við opinn eld. Erfiðlega gekk að kveikja eldinn en þegar við fengum að notast við smá kveiki vökva þá náðum við loksins að kveikja eld. Við reyndum að hreinsa eins vel og hægt var svo að svæðið myndi líta eins (ef ekki betur) út eftir að við höfum verið þar. Okkur tókst ekki alveg að slökkva glóðina í

viðarkubbunum en Reynir reddaði því með sömu aðferð og Boli skessunar í búkollusöguni.

5. 6. Bekkur og Vilborg fóru í siglingu með Húna. Þar var maður sem fræddi okkur ákaflega mikið um sjóinn og endaði með því að við vorum orðin ein eftir að hlusta á hann. Því okkur þótti þetta svo fróðlegt og skemmtilegt, allavega sumum. Þau fengu grillaðan fisk sem flestir borðuðu með bestu list en aðrir létu sig hverfa upp í brú til skipstjórans. Við mikinn fögnuð áheyranda fórum við að lesa í ferjunni vegna þess að dagur Íslenskrar tungu var en við vorum næstum búin að þurfa að fara yfir aftur með ferjunni því það var fagnað svo mikið að við bara komumst ekki neitt.

október

Snemma í október kom fólk frá landvernd sem miðdeild einokaði ☹ Hinir fengu lítið sem ekkert að tala við þau. Eldri deild hélt mexíkanska veislu og bauð yngri deild að snæða yndislegan mat ☺ í október voru krakkarnir í 7. bekk sprautuð með sjó og ættu þar af leiðandi ekki að fá neina sjúkdóma aftur. Hefur þetta haft í för með sér gríðalega auknýngu á vöðvamassa og úthaldi nemenda í þessum bekk og óskar NASA eftir að fá að rannsaka þau til að vita hvort þau séu hæfir geimfarar. 27. október alþjóðabangsadagurinn og komu flestir með krúttó bángsa í skólann :D

Nóvember

Fyrstu vikuna í nóvember fór 5-8 bekkur til Færeyja þar sem skoðað var meðal annars listasafn og sögusafn og allir skemmtu sér mög vel. Foreldrakaffi var haldið og eldri deild sýndi Glærusíningar um hin frábæru sumarfrí. Mikil sorg reið yfir í nóvember þegar einn nemandi að nafni Gígja yfirgaf okkur og grétu stelpur miðdeildar í viku. Hringt var á vælubílinn og koma hann og reddaði þessu en það tók samt smá tíma að dæla öllu vatninu úr miðdeildarstofunni.

Desember

Í desember náðum við í jólatréð okkar og sátu fjölmiðlarnir um okkur. Einnig var hið árlega jólaföndur hjá foreldrafélaginu

Rétt fyrir jól eldaði elsta deild egg og beikon fyrir allan skólann öllum fannst maturinn góður.

Allir skáru út hin geysifallegu laufabrauð sem kennararnir steiktu með vatn í munnum

Litlu jólin gengu fljótlega í garð þar sem allir skiptust á gjöfum svo fórum við að dansa í kringum jólatréð og jólasveinarnir litu við með pokann sinn og elstu nemendur voru mjög ánægðir ☺☺☺